

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 132/692**  
**komudagur 18.1.2006**



BARNAVERNDARSTOFA

Alþingi, nefndasvið  
Elín Valdís Þorsteinsdóttir,  
nefndarritari  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. janúar 2006

Tilvísun : 2005120011

Vísað er til bréfs dags. 7. desember 2005 þar sem óskað er umsagnar Barnaverndarstofu um frumvarp til laga um réttarstöðu samkynhneigðra, breyting ýmissa laga 340. mál. Beðist er velvirðingar á því að hafa ekki svarað innan uppgefins frests.

Barnaverndarstofa styður eindregið þetta frumvarp og telur að afnám mismununar gegn samkynhneigðum af því tagi sem lagt er til þjóni hagsmunum allra barna í samfélaginu. Sérstaklega sé mikilvægt að afmá mismunun og berjast gegn fordómum í garð fjölskyldulífs samkynhneigðra með tilliti til þeirra barna sem eru að alast upp hjá samkynhneigðum og þeirra barna sem eru að uppgvötva kynhneigð sína.

Barnaverndarstofa hvetur Alþingi til að breyta lögum með þeim hætti að möguleikar samkynhneigðra til að stofna fjölskyldu verði að öllu leyti fyllilega sambærilegir við möguleika gagnkynhneigðra.

Virðingarfyllt  
f.h. Barnaverndarstofu

Hrefna Friðriksdóttir